

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) NR. .../...

frá [...]

fyrir reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 sem setur framkvæmdareglur varðandi lofthæfis- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja til að tryggja áframhaldandi rekstur ýmissa loftfara sem skráð eru í aðildarríkjunum.

(Texti sem viðkemur EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almennt flug og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu¹ ("Grunnreglugerðin), og einkum 5. og 6. gr. reglugerðarinnar.

Með hliðsjón af reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003, um setningu framkvæmdareglna fyrir flughæfni- og umhverfissvottun loftfara og skyldra framleiðsluvara, hluta og búnaðar, svo og um vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja², (reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar), sérstaklega 2. grein hennar og málsgrein 21A.173(b)(2) og 21A.184 viðaukans við hana (hluta 21),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Gefa verður út lofthæfisskírteini eða flugleyfi fyrir loftför sem lúta ákvæðum Grunnreglugerðarinnar í samræmi við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar fyrir 28. mars 2007. Dagsetningin er sú síðasta sem tilgreind er í 56. grein Grunnreglugerðarinnar, en eftur það mega engar aðgerðir er snerta hönnun, en þær heyra undir stofnunina, eiga sér stað hjá aðildarríkjunum. Ef slíkt skírteini eða flugleyfi er ekki fyrir hendi mega flugrekendur í Bandalaginu ekki nota loftförin á svæði aðildarríkjanna.
- (2) Samkvæmt reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar ber Flugöryggisstofnun Evrópu (stofnuninni) að fastákveða fyrir 28. mars 2007 hina samþykktu hönnun sem nauðsynleg er fyrir útgáfu lofthæfisskírteina eða flugleyfa fyrir ýmis loftför sem voru á skrá í aðildarríkjunum þegar reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar tók gildi, en ekki höfðu fallið undir ákvæði greinar 2.3(a). Ekki var hægt að taka slíka ákvörðun vegna skorts á stuðningi frá hönnuðum loftfaranna.

¹ OJ L 240, 7.9.2002. Reglugerðin með síðustu breytingum á reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr 1701/2003 frá 24. september 2003 (OJ L 243, 27.9.2003, bls. 5).

² OJ L 243, 27.9.2003, bls. 6. Reglugerðin með síðustu breytingum á reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) 706/2006 frá 8. maí 2006 (OJ L 122, 9.5.2006, bls. 16).

- (3) Varanleg lofthæfisskírteini ætti ekki að gefa út nema stofnunin geti samþykkt hönnunina í framhaldi af tæknilegu mati á flugförunum. Hins vegar er hægt að gefa út takmörkuð lofthæfisskírteini til skemmri tíma til að tryggja áframhaldandi lofthæfi margra þessara loftfara og til að stofnunin geti endurskoðað hönnun þeirra. Þessháttar takmörkuð lofthæfisskírteini á að gefa út á grundvelli sérstakrar lofthæfis-gildislýsingar eins og kveðið er á um í greinum 5.3(b) og 15(1)(b) í grunnreglugerðinni og í hluta 21A.184 í reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar. Stofnunin getur ekki lengur samþykkt slíkar lýsingar fyrir 28. mars 2007.
- (4) Þar sem þetta var gert fyrir flest loftför með tegundarskírteini sem gefin hafa verið út af aðildarríkjum fyrir 28. september 2003, er hægt að fastákveða samþykktu hönnun með tilvísun til hönnunar hönnunarríkisins. Slík ákvörðun skal einungis tekin fyrir loftför sem aðildarríki hafa gefið út lofthæfisskírteini fyrir eins og skilgreint er í reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar en þá gilda ekki lengur takmörkuð lofthæfisskírteini eða flugleyfi. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að samþykkt hönnun verði ekki fastákveðin fyrir önnur loftför en þau sem viðkomandi stjórnvald í hönnunarríkinu samþykkir að hjálpa stofnuninni að hafa samfellt eftirlit með.
- (5) Til að hægt sé að fastákveða samþykktu hönnun þarf að breyta 2. grein reglugerðar Framkvæmdastjórnarinnar. Eftir slíka breytingu yrði greinin torskilín. Það sem þarf að gera er að endursemjja greinina.
- (6) Grein 2.3(a) í reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar fjallar aðeins um loftför sem fengið hafa tegundarskírteini. Fyrir ýmis loftför sem ættu að vera hæf fyrir svokallaðar “grandfathering” aðgerðir sem tilgreindar eru í þeirri grein hafa aldrei verið gefin út tegundarvottorð vegna þess að slíkra skjala var ekki krafist í ICAO stöðlunum sem voru í gildi þegar þau voru hönnuð og vottuð. Það þarf að greiða úr ýmsum flækjum svo að öruggt sé að slík loftför geti fengið lofthæfisskírteini áfram.
- (7) Endurskoðun þessa máls leiddi í ljós að slæðst hefur inn villa í hluta 21A.173(b)(2) og hluta 21A.184, en þar er fjallað um “sérstaka staðfestingarlýsingu” í stað “sérstakrar lofthæfis-gildislýsingar eins og tilgreint er í greinum 5.3(b) og 15(1)(b) í Grunnreglugerðinni. Þennan texta verður að lagfæra til að koma í veg fyrir rugling og lagalega óvissu.
- (8) Ákvæði þessarar reglugerðar byggjast á álitserð, útgefinni af stofnuninni³ í samræmi við greinar 12(2)(b) og 14(1) í Grunnreglugerðinni.
- (9) Ákvæði þessarar reglugerðar eru í samræmi við álitserð⁴ nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem stofnuð var samkvæmt grein 54(3) í Grunnreglugerðinni.

³ Álitserð 5/2005

⁴ [Væntanlegt til útgáfu]

- (10) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr 1702/2003 ætti því að breyta samkvæmt því.

SETT REGLUGERÐ ÞESSA:

Grein 1

Í stað greinar 2 í reglugerð Framkvæmdastjórnin (EB) Nr. 1702/2003 koma eftirfarandi greinar:

“Grein 2

Vottun framleiðsluvara, hluta og búnaðar

1. Gefa skal út skírteini eins og tiltekið er í hluta 21 fyrir framleiðsluvörur, hluta og búnað.
2. Með því að víkja frá 1. málsgrein, skulu loftför ásamt hverskonar uppsettum framleiðsluvörum, hlutum og búnaði, sem ekki eru skráð í aðildarríki, vera undanskilin ákvæðum kafla H og I í hluta 21.
3. Þar sem í hluta 21 er tiltekið að beita skuli ákvæðum hluta M og/eða að farið skuli eftir þeim, en hluti M er ekki í gildi, skulu viðeigandi reglur landsins gilda í staðinn.

Grein 2a

Áframhaldandi gildi tegundarskírteina, viðbótar-tegundaskírteina og tilheyrandi lofthæfisskírteina

1. Fyrir framleiðsluvörur sem hafa tegundarskírteini, eða skjal sem heimilar útgáfu lofthæfisskírteinis, útgefið fyrir 28. september 2003 af aðildarríki, skulu eftirtalin ákvæði gilda:
 - (a) Svo skal litið á að slík framleiðsluvara hafi fengið tegundarskírteini í samræmi við reglugerðina í þeim tilvikum þegar:
 - (i) tegundarskírteinið byggðist á:
 - JAA tegundarskírteinisgrunni, fyrir framleiðsluvörur sem hafa verið vottaðar samkvæmt JAA ferlum, eins og tiltekið er í viðkomandi JAA upplýsingablöðum, eða
 - fyrir aðrar framleiðsluvörur, tegundarskírteinisgrunni eins og skilgreint er á upplýsingablaði hönnunarríkisins fyrir tegundarvottanir, þ.e. ef hönnunarríkið er:
 - aðildarríki, nema stofnunin komist að þeirri niðurstöðu, að teknu sérstöku tilliti til þess hvaða lofthæfiskóðar hafa verið notaðir og þess hvernig rekstarreynslan hefur verið, að tegundaskírteinisgrunnurinn gefi ekki til kynna öryggisstig sem

samsvarar því sem krafist er í Grunnreglugerðinni og þessari reglugerð, eða

- ríki sem aðildarríki hefur tvíhliða lofthæfis-samning við, eða svipaðan samning, sem vottun slíkra framleiðsluvara hefur verið miðuð við, á grundvelli lofthæfiskóða þess hönnunarríkis, nema stofnunin ákveði að slíkir lofthæfiskóðar, eða slík rekstrarreynsla, eða öryggiskerfi hönnunarríkisins gefi ekki til kynna öryggisstig sem samsvarar því sem krafist er í Grunnreglugerðinni og þessari reglugerð.
- Stofnunin skal láta fara fram frummat á afleiðingum beggja þessara ákvæða með það fyrir augum að setja saman álitstærð fyrir Framkvæmdastjórnina ásamt hugsanlegum breytingum á núverandi reglugerð.

(ii) Umhverfisverndarkröfurnar eru þær sömu og þær sem ákveðnar voru í Viðauka 16 við Chicagosamninginn, og eiga við um framleiðsluvöruna.

(iii) Notaðar eru viðeigandi lofthæfistilskipanir hönnunarríkisins.

(b) Hönnun einstakra loftfara, sem voru á skráum aðildarríkis fyrir 28. september 2003, skal álitin hafa verið samþykkt í samræmi við þessa reglugerð þegar:

(i) grunnhönnunargerðin er hluti tegundarskírteinis sem nefnt er í staflið (a),

(ii) allar breytingar á þessari grunnhönnunargerð, sem ekki voru á ábyrgð handhafa tegundarskírteinisins, hafa verið samþykktar, og

(iii) farið er eftir lofthæfistilskipuninum sem gefnar voru út eða samþykktar af aðildarríkinu, sem jafnframt er skráningarríkið, fyrir 28. september 2003, þar á meðal frávik frá tilskipunum hönnunarríkisins um lofthæfi, ef einhver eru, sem aðildarríkið, þar sem skráningin fór fram, hefur samþykkt.

(c) Stofnunin skal fyrir 28. mars 2007 ákveða um tegundarskírteini framleiðsluvara sem ekki falla undir staflið (a).

(d) Stofnunin skal fyrir 28. mars 2007 ákveða hvernig hávaða-upplýsingablað vegna tegundarskírteinis á að vera fyrir allar framleiðsluvörur sem falla undir staflið (a). Þar til ákvörðun liggur fyrir geta aðildarríki haldið áfram að gefa út hávaðavottorð í samræmi við viðeigandi reglugerðir landsins.

2. Hvað varðar viðbótar-tegundarskírteini sem út eru gefin af aðildarríkjunum samkvæmt JAA ferlum eða réttum ferlum viðkomandi lands, og að teknu tilliti til breytinga á framleiðsluvörum sem lagt er til af einstaklingum öðrum en handhöfum tegundarskírteina framleiðsluvörunnar og samþykkt af aðildarríki með viðeigandi ferlum landsins, skulu viðbótar-tegundarskírteinið, eða breytingin, álitin vera útgefin samkvæmt þessari reglugerð.

3. Um framleiðsluvörur sem verið var að vinna að tegundarvottun fyrir hjá JAA eða í aðildarríki 28. september 2003, gildir eftirfarandi:

(a) ef ætlunin er að fá vottun hjá fleiru en einu aðildarríki, skal það ferli sem lengst er komið gilda sem viðmið,

- (b) 21A.15(a), (b) og (c) í hluta 21 á ekki við,
 - (c) Vikið skal frá 21A.17(a) í hluta 21 svo að tegundarvottunar-grunnurinn sé sá sami og sá sem JAA hefur ákveðið, eða, þar sem það á við, aðildarríkið eins og það er daginn sem sótt er um samþykki,
 - (d) samsvörunarleit, sem unnin er eftir ferlum JAA eða aðildarríkisins, skal líta svo á að hafi verið unnin af stofnuninni til að ná samsvörun við ákvæðin í 21A.20(a) og (b) í hluta 21,
4. Hvað varðar framleiðsluvörur sem hafa tegundarskírteini útgefin samkvæmt reglum viðkomandi landa, eða samsvarandi skírteini, og svo hagar til að samþykktarferli vegna breytingar sem unnið var af aðildarríki er ekki lokið þegar tegundarskírteinið er ákveðið í samræmi við þessa reglugerð, gildir eftirfarandi:
- (a) ef samþykktarferlið er í höndum fleiri en eins aðildarríkis, skal það ferli sem lengst er komið gilda sem viðmið,
 - (b) 21A.93 í hluta 21 á ekki við,
 - (c) tegundarskírteinisgrunnurinn sem gilda skal er sá sem JAA ákveður, eða þar sem það á við, sá sem aðildarríkið ákveður á þeim degi er sótt er um samþykki fyrir breytingunni,
 - (d) samsvörunarleit, sem unnin er eftir ferlum JAA eða aðildarríkisins, skal líta svo á að hafi verið unnin af stofnuninni til að ná samsvörun við ákvæðin í 21A.103(a)(2) og (b) í hluta 21,
5. Fyrir viðbótar-tegundarskírteini sem hinn 28. september 2003 var í gangi vottunarferli fyrir í einu aðildarríkjanna samkvæmt viðeigandi aðferðum JAA fyrir vottun viðbótar-tegundarskírteina, svo og fyrir meiriháttar breytingar á framleiðsluvörum, sem lagðar eru til af einstaklingum öðrum en handhöfum tegundarskírteinis framleiðsluvörunnar sem aðildarríki var að vinna að vottun fyrir hinn 28. september 2003 samkvæmt réttum aðferðum viðkomandi lands, gildir eftirfarandi:
- (a) ef samþykktarferlið er í höndum fleiri en eins aðildarríkis, skal það ferli sem lengst er komið gilda sem viðmið,
 - (b) 21A.113 (a) og (b) í hluta 21 á ekki við,
 - (c) tegundarskírteinisgrunnurinn sem gilda skal er sá sem JAA ákveður, eða þar sem það á við, sá sem aðildarríkið ákveður á þeim degi er sótt er um samþykki fyrir viðbótar-tegundarskírteini eða meiriháttar breytingu.
 - (d) samsvörunarleit, sem unnin er eftir ferlum JAA eða aðildarríkisins, skal líta svo á að hafi verið unnin af stofnuninni til að ná samsvörun við ákvæðin í 21A.115(a) í hluta 21.
6. Hvað varðar framleiðsluvörur sem hafa tegundarskírteini útgefin samkvæmt reglum viðkomandi landa, eða samsvarandi skírteini, og svo hagar til að samþykktarferli vegna meiriháttar viðgerðarhönnunar sem unnið var af aðildarríki er ekki lokið þegar tegundarskírteinið er fastákveðið í samræmi við þessa reglugerð, skal líta svo á að samsvörunarleit, sem unnin er eftir ferlum JAA eða

aðildarríkisins, hafi verið unnin af stofnuninni, til að ná samsvörun við ákvæðin í 21A.433(a) í hluta 21.

7. Lofthæfisskírteini sem gefið er út af aðildarríki til að votta samræmi við tegundarskírteini sem gengið hefur verið frá í samræmi við nr. 1, skal álitid samræmast þessari reglugerð.

Grein 2b

Áframhaldandi rekstur tiltekinna loftfara sem skráð eru í aðildarríkjunum

1. Í sambandi við loftför sem ákvæði greinar 2a ná ekki til, og sem hafa lofthæfisskírteini sem gefin voru út í aðildarríki fyrir 1. júlí 2006, og sem voru á skrá í aðildarríkinu þann dag, skal litið svo á að sérstakar lofthæfis-gildislýsingar hafi verið gefnar út í samræmi við þessa reglugerð, að því tilskildu að:

(a) gildandi sérstakar lofthæfis-gildislýsingar séu upplýsingablað tegundarskírteinisins og hávaða-upplýsingablað tegundarskírteinisins, eða samsvarandi skjöl, frá hönnunarríkinu, að því tilskildu að hönnunarríkið hafi gert óformlegan samning við stofnunina, sem nær til áframhaldandi lofthæfis hönnunar viðkomandi loftfars.

(b) Umhverfisverndarkröfurnar eru þær sömu og þær sem ákveðnar voru í Viðauka 16 við Chicagosamninginn, að svo miklu leyti sem þær eiga við um slíkt loftfar.

(c) Þær lofthæfistilskipanir sem við eiga eru þær upplýsingar um áframhaldandi lofthæfi sem lögboðnar eru í hönnunarríkinu.

2. Hinum sérstöku lofthæfis-gildislýsingum sem vísað er til í nr. 1 er ætlað að tryggja áframhald þeirrar tegundar rekstrar sem loftfarið hefur nú leyfi til að stunda og gilda til 28. mars 2012 nema í staðinn komi hönnunar- og umhverfissamþykki sem stofnunin gefur út í tengslum við þessa reglugerð.

Grein 2c

Áframhaldandi gildi skírteina fyrir hluta og búnað

1. Líta skal svo á að samþykki hluta og búnaðar, sem útgefið hefur verið af aðildarríki og var í gildi 28. september 2003, hafi verið gefið út í samræmi við þessa tilskipun.

2. Um hluta og búnað sem samþykkis- eða heimildarveitingarferli var í gangi fyrir í aðildarríki 28. september 2003 gildir eftirfarandi:

(a) ef heimildarveitingarferli var í gangi í fleiri en einu aðildarríki, skal það ferli sem lengst er komið gilda sem viðmið,

(b) 21A.603 í hluta 21 á ekki við,

(c) gildandi gagnakröfur samkvæmt 21A.605 í hluta 21 skulu vera þær sem fastákveðnar voru af viðkomandi aðildarríki sama dag og umsókn um samþykki eða löggildingu var lögð fram.

(d) samsvörunarleit gerð af viðkomandi aðildarríki, skal líta svo á að hafi verið unnin af stofnuninni til að ná samsvörun við ákvæðin í 21A.606(b) í hluta 21.”

Grein 2

Í stað orðanna “sérstakar staðfestinga-lýsingar” í hluta 21A.173(b)(2) og hluta 21A.184 komi orðin “sérstakar lofthæfislýsingar”.

Grein 3

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 28. mars 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gert í Brussel,

Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar

Meðlimur Framkvæmdastjórnarinnar